



Borgarráð

Vatnsholt 1, aðilaskipti að lóð og byggingarrétti

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Leigufélag aldraðra hses. kt. 540918-0820, Nönnubrúnni 1 113 Reykjavík, verði nýr lóðarhafi og eigandi byggingarréttar að lóðinni Vatnsholt 1 og komi í stað Félags eldri borgara kt. 490486-3999, Stangarhyl 4, 110 Reykjavík, sem lóðarhafi og eigandi byggingarréttar á lóðinni.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs dags. 20. ágúst sl. var samþykkt að úthluta Félagi eldri borgara kt. 490486-3999, Stangarhyl 4, 110 Reykjavík, lóð og byggingarrétt að Vatnsholti 1 í samræmi við lóðarvilyrði dags. 26. apríl 2018. Heimilt byggingarmagn á lóðinni er allt að 5635m².

Verð fyrir byggingarrétt er kr. 253.575.000.- Greiðsla fyrir byggingarréttinn gengur til uppgjors á 12% stofnframlagi Reykjavíkurborgar til byggingu íbúða á grundvelli laga nr. 52/2016. Greiða skal mismun á verði byggingarréttarins og stofnframlagsins samtals 49.861.180 eigi síðar en 4. október nk.

Leigufélag aldraðra var stofnað árið 2018 af Félagi eldri borgara sem húsnaðissjálfsseignarstofnun og rekið án hagnaðarsjónarmiða. Leigufélag aldraðra fékk samþykkt stofnframlag frá Reykjavíkurborg í desember 2018 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á leiguíbúðum á lóðinni Vatnsholt 1.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

